

Húsavík 2. nóvember 2012

Tilvisun: Tölvubréf nefndasviðs Alþingis, 15. október 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnáslu ríkisins í héraði, 161. mál.

Með tölvubréfi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. október sl., var óskað umsagnar embættisins um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnáslu ríkisins í héraði, 161. mál. Frumvarpið er samlið fyrri frumvörpum um breytingu á lögreglulögum. Vísað er til fyrri umsagnar og er hún meðfylgjandi.

Að mati undirritaðs er nauðsynlegt er að heildstæð, fræðileg og fagleg greining á öllum þáttum innviða, rekstrar og þjónustu eigi sér stað fyrirfram. Með öðrum orðum að fullnægjandi forsendur breytinganna liggi fyrir áður en innleiðing, hvað þá lögfesting á sér stað. Alls ekki er útilokað að slík greining leiði til þeirrar niðurstöðu að nærtækara sé að viðhalda og bæta með markvissum hætti gildandi skipulag blandaðra embætta, að hluta eða öllu leyti. Reyndist það niðurstaða sambærilegrar endurskoðunar í Noregi fyrir fáum árum.


Tilfallandi skýrslugerð um afmarkaða þætti á löngu tímabili fullnægir hins vegar vart þeim kröfum sem nauðsynlegt er að gera við jafn róttæka umbreytingu og hér um ræðir. Umfjöllun og umræða um breytingar á þessum vettvangi sl. ár ber þess raunar skýr merki. Þá er þeirri meginkröfu fræðimanna um nauðsyn undanfarandi samhljóms fyrir jákvæðum árangri skipulagsbreytinga ekki til að dreifa.

Lagasetningaraðferðin, þ.e. að lögfesta igildi rammalöggjafar með gildistöku á síðara tímamarki þar sem nánara skipulag er ómótað sem og innviðir allir, er umhugsunarefni. Fjöldi umdæma er ákveðinn en óvíst er um árangur, gæði og frekari úrvinnslu verkefna og þjónustu. Þess utan eru fjölmargir sjálfgefnir óvissuþættir, sem hér skulu nefndir í dæmaskyni:

1. Meginkröfu endurskipulagningar í ríkisrekstri um sjálfbærni nýrra rekstarareininga og fjárhagsleg áhrif er enn á huldu. Nægir að vísa til fyrirbyggjandi umsagnar fjárlagaskrifstofu um frumvarpið í þessu efni.
2. Samlegð og kostir samrekstrar lögreglu og sýslumanna eru ótvírætt til staðar á dreifbýlum svæðum. Stjórn slíkra eininga er einnig hagfelld. Þetta er reynslan víða á landsbyggðinni. Þetta var niðurstaða endurskoðunarinnar í Noregi.
3. Virði þjónustu embættanna í núverandi mynd fyrir íbúa og samfélag er margbætt. Allsendis er óvíst er hvort útibú í miðlungsstórum samfélögum þjóni sömu þörfum. Hætt er við neikvæðum áhrifum miðstýringar á smærri einingar sem draga úr lífvænleika þeirra. Um þetta efni er sérstaklega vísað til fyrirbyggjandi umsagna sveitarfélaga á fyrri stigum.
4. Flutningur yfirstjórna stofnana úr héruðum landsins er jafnframt til þess fallin að veikja innviði smærri samfélaga. Það er hins vegar óráð í stærsta sýslumannsumdæmi landsins í Þingeyjarsýslu þar sem vænst er atvinnuuppbyggingar í stórum stíl innan skamms.

Sú óvissa sem umlykur ráðagerðina og afleiðingar hennar hefur enn ekki verið skilgreind með fullnægjandi hætti svo unnt sé að lögfesta tillögur frumvarpsins. Að mati undarritaðs er því rétt að fresta lögfestingu frumvarpsins uns málið telst nægilega upplýst, þ.e. að undangenginni faglegri og heildstæðri greiningu á því hvernig verkefnum sýslumanna og lögreglustjóra verður best fyrir komið landi og þjóð til heilla.

Húsavík, 2. nóvember 2012



Sýslumaðurinn á Húsavík

Útgarði 1 • 640 Húsavík • sími 464-1300
kt. 490169-3779 • Póstfax 464-1678

Húsavík 7. desember 2010

Tilvísun í bréf DKM09090144/10.91.0

Efni: Umsögn um tillögur að breytingum á skipan sýslumannsembætta

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 15. nóvember sl., óskaði ráðuneytið eflir umsögn embættisins um tillögur að breytingum á skipan sýslumannsembætta í landinu. Fram kemur að við fyrirhugaða frumvarpssmið verði tekið mið af tillögum sem fram koma í skýrslu Þorleifs Pálssonar og er sérstaklega óskað umsagnar um hana. Við þá tillögugerð hafi verið lagt upp með að löggæslan verði skilin frá sýslumannsembættunum og rekin í nokkrum sjálfstæðum lögregluembættum. Tekið er fram að markmið ráðuneytisins með breytingum á skipan embættanna sé annars vegar „að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri embættanna“ og hins vegar „að styrkja og efla þjónustu embættanna um allt land“.

Það er mat embættisins að óvissan um hvort framangreindum markmiðum sé fullnægt í tilviki sýslumannsembættisins á Húsavík sé mjög mikil. Jafnframt að aðrar og mildari skipulagsbreytingar geti fullnægt sömu markmiðum að mestu leyti. Þá er bent á að tímasetning breytinganna kunni að vera óheppileg vegna samfélagsaðstæðna enda hafi mikilvægar forsendur breyst í verulegum atriðum frá því stefnan sem liggur til grundvallar breytingunum var mótuð. Nái breytingarnar fram að ganga er á það bent að staðsetning Húsavíkur á Norðurlandi eystra gefi sérstakt tilefni til að hýsa aðalskrifstofur sameinaðra embætta.

I. Um sérkenni umdæmis sýslumannsins á Húsavík

Nauðsynlegt er áður en lengra er haldið að gera stuttlega grein fyrir sérstöðu embættis sýslumannsins á Húsavík. Umdæmi embættisins er hið langstærsta á landinu og spannar nú þegar yfir 20 þúsund km² eða 1/5 hluta af flatarmáli Íslands. Það nær frá Víkurskarði við Eyjafjörð í vestri til og með Sandvíkurheiði við Vopnafjörð í austri og frá nyrsta odda landsins, Hraunhafnartanga á Melrakkaslétu, inn á Vatnajökul í suðri. Ferðamannastraumur fer ört vaxandi. Náttúruvá í umdæminu er mikil á íslenskan mælikvarða.

Íbúar eru um 5000 talsins og eru að hálfu leyti búsettir á Húsavík og nágrenni, en aðrir byggðakjarnar eru Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafjörður, Reykjahlíð við Mývatn og Laugar í Þingeyjarsveit. Sveitir eru landmiklar og hálendi hrjóstrugt. Tveir framhaldsskólar eru í umdæminu. Líkur eru á að mikil atvinnuuppbygging muni eiga sér stað innan fárra ára.

Stjórn embættisins er í höndum setts sýslumanns, yfirlögregluþjóns og skrifstofustjóra. Auk stjórnunarverkefna sinnir yfirstjórn öll ýmsum sérfræðiverkefnum og eru heilir málaflokkar á könnu hvers þeirra. Þannig er ljóst að meint hagræðing af fækkun í yfirstjórn mun takmarkast af nýráðningum sérfræðinga til sömu starfa. Mýmörg dæmi eru um ótvíræða kosti nálægðar yfirstjórnar við verkefni og vettvang.

Óhjákvæmilegt þykir að horft verði til sérstöðu umdæmisins. Hvorki hefur verið sýnt fram á að unnt sé að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri embættisins né er sérstök ástæða til að ætla að breytingar á embættaskipan í Norðurlandi eystra verði til að efla og styrkja þjónustu í umdæminu. Hafa ber í huga að reynslan af rekstri embættisins sem og embættisfærslu hefur um langt skeið verið til fyrirmyndar. Innheimtuárangur hefur verið með því besta á landsvísu. Þetta hafa eftirlitsstofnanir og æðri stjórnvöld margsinnis staðfest.

Þörfin fyrir aðskilnað lögreglu frá sýslumannsembættum byggist í raun á því að eiginleg lögregluverkefni á tilteknum svæðum séu svo umfangsmikil að það kalli á sérhæfingu og bættu skilvirkni með fjölmennari einingum. Sú ályktun á alls ekki við í umdæmi sýslumannsins á Húsavík, hvorki í faglegu né fjárhagslegu tilliti, sbr. síðar.

Norðausturhorn landsins, Þingeyjarsýsla, er eitt menningarsvæði.

Forræði opinberrar þjónustu er einn hornsteina samfélagsins. Sú ráðstöfun að flytja yfirstjórn stjórnsýslustofnana s.s. sýslumanns og lögreglu úr héraðinu er til þess fallin að veikja innviði samfélagsins. Á þessum tímamarki er það óráð enda er sýslumannsembættið útvörður opinberrar þjónustu í þessum stóra landshluta.

II. Um forsendur fyrir skýrslu Þorleifs Pálssonar

Skýrsla Þorleifs Pálssonar byggir á stefnu sem á rætur á árunum fyrir hrun efnahagslífsins og á fyrstu mánuðum þess. Þannig voru unnar á vegum dómsmálaráðuneytisins skýrslur, einkanlega um lögreglustjórn og stofnanauppbyggingu lögreglunnar og umdæmaskipun, auk þess sem stór skref voru stigin með breytingum á skipulagi lögreglu með lagabreytingum um meðferð opinberra mála og stækkun og fækkun lögregluumdæma úr 24 í 15 árið 2007. Óhætt er að segja að sú stefna sem þar lá til grundvallar hafi átt rætur í aðstæðum ólíkum þeim sem

nú er við að etja, þ.e. úrvinnslu efnahagshruns og endurreisn. Veruleiki sérhæfðra embætta með sérstök verkefni þar sem hámarksárangur í faglegum efnum er markmiðið samhliða faglegri hagræðingu er án efa eftirsóknarverð í samfélagi þar sem ekki er gerð sérstök krafa um sparnað. Auk þess má efast um að hugmyndin um miðlægar og sérhæfðar stofnanir utan um afmörkuð verkefni, löggæslu sem dæmi, eigi að fullu við í strjálbýlu landi þar sem efnahagsleg óáran ríkir.

Vegna þess sem að framan er rakið þykir rétt að víkja stuttlega að því sjónarmiði sem fram hefur komið að við skipulagsbreytingar sem þessar sé mikilvægt að blanda ekki saman kröfum um hagræðingu vegna aðhalds í ríkisfjármálum og möguleikum á faglegri hagræðingu vegna skipulagsbreytinga. Gagnkvæm áhrif munu ætíð verða til staðar. Hið síðarnefnda er í raun drifið áfram að hinu fyrrnefnda. Þar er ekki endilega skilyrði að nægilega haldbær rök standi til þess að ná fram faglegri eða fjárhagslegri hagræðingu yfir höfuð. Þannig er sérstök ástæða til að vara við því að stefna sem í raun var mörkuð við ólíkar efnahagslegar aðstæður sé lögð til grundvallar undir flaggi faglegrar hagræðingar.

Þann 31. mars 2010 birtist í Morgunblaðinu fréttaskýring undir heitinu „Stofnanir týna tölunni“. Þar segir: „... „Við höfum sett okkur skýr markmið um að það þurfi alltaf að sýna fram á samlegðaráhrif og hagræðingarmöguleika fyrirfram. Það verður ekki sameinað bara til að sameina heldur til að ná fram markmiðum um að gera þjónustuna skilvikari og að hægt sé að veita hana með minni tilkostnaði,“, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.“ !

...

Á Norðurlöndum er að finna fyrirmyndir sem horfa mætti til. Sér í lagi er ástæða til að horfa til Danmerkur og Noregs. Varðandi Danmörku er á það að líta að einkaréttarleg viðfangsefni hafa í mörgum tilvikum verið falin sveitarfélögum og öðrum stjórnvöldum, s.s. skattevæsenet, með lögum. Lögreglan hefur því verið sjálfstæð um langt skeið auk þess sem landfræðilegar aðstæður eru gjörólíkar. Nærtækara er að horfa til Noregs m.a. vegna þess að þar er um dreifbýlt og stórt land að ræða. Fyrir fáum árum var niðurstaðan eftir margra ára endurskoðunarferli á skipan lögregluembætta í Noregi sú að áfram bæri að vista einkaréttarleg viðfangsefni hins opinbera (að stórum hluta sýslumannsverkefni) innan sömu embætta og fara með lögreglustjórn, jafnvel auka þann þátt. Megin ástæðan: Rekstrar- og hagkvæmnissjónarmið. Um 90% embætta sem fara með lögreglustjórn og meðferð ákærvalds í Noregi fara því einnig með einkaréttarleg verkefni í sérstökum deildum (no. Lensmanskontorer, Politistasjoner med sivile rettsplejeoppgaver), þ.e. eins konar

sýslumannsskrifstofum innan vébanda embætta sem í Noregi bera yfirheiti lögreglustjóra en ekki sýslumanna. Athyglisvert er að undantekningu frá þessari meginstefnu er að finna í Osló þar sem embætti lögreglu og sýslumanns (Namsfoged) eru aðskilin eins og hér á landi.

Sú stefna sem mörkuð var hér á landi með breyttri réttarfarsskipan árið 1992 byggði á því að ríkisvaldið skyldi halda upp lögum og rétti, einkamálafullnustu, refsivörslu og almennum lögbundnum stjórnsýsluverkefnum. Annar burðarás sýslumannsembættanna var fölginn í beitingu lögboðsins agavalds. Hinn að sýslumannsembættin skyldu þjóna borgurunum. Frávik frá þeirri vandlega undirbúnu stefnu sem síðan var lögfest kallar á að samhliða fari fram endurskoðun á öllum þáttum. *Því er það knýjandi spurning að látið verði á það reyna í raun hvort sýslumannsembættin séu ekki heppilegar skipulagsheildir innan stjórnsýslunnar.* Er sú spurning enn áleitnari eftir efnahagshrunið.

Eðlilegt er að innan hinnar vönduðu, vel undirbúnu og skilvirku stefnumótunar um framkvæmdavald ríkisins í héraði í upphafi tíunda áratugarins rúmist endurmat á skipan embætta í samræmi við samfélagsþróun. Á hinn bóginn er varhugavert að of stór skref séu stigin. Þannig verður að gera þá kröfu að meiri háttar breytingar á vel starfhæfu kerfi framkvæmdavaldsins í landinu taki á öllum þáttum þess. Ekki einungis að þær séu vel skipulagðar, heldur einnig að þær séu markvissar og verði árangursríkar í raun.

Sú stefna sem fölginn er í hugmyndum um aðskilnað lögreglu frá sýslumannsembættum, sameiningu og sérhæfingu hefur á sér ýmsar birtingarmyndir. Sú helsta er þó fölginn í þeirri óvissu sem við blasir ef aðskilnaður á sér stað án þess að samhliða sé ákveðið hver framtíð embættanna að öðru leyti verður. Mikil óvissa er um hvort fjárhagsleg markmið breytinganna skili sér í raun. Ekkert er fram komið sem sýnir að rekstur hinna nýju embætta muni rúmast innan þess fjárhagsramma sem miða verður við. Þá er allsendis óvíst hvort sá kostnaður sem verður til við uppbyggingu nýrra lögregluumdæma muni hafa bein áhrif á fjárveitingar til sýslumannsembætta.

Verði af fækkun lögreglustjóraembætta er það mat undirritaðs að fækkun niður í sex embætti sé of mikið. Svæðin eru of stór og fjarlægðir of miklar. Á þetta sérstaklega við um víðfeðmt umdæmi svo sem finna má á Norðausturlandi.

Nú þegar hafa komið upp tilvik þar sem rannsókn viðkvæmra mála ber mark af ókostum fjarlægðanna. Tvö slík mál hafa nýverið verið flutt í dómsal héraðsdómsins á Húsavík vegna kynferðisbrota sem komu upp í umdæminu þar sem reynt hefur á framangreint. Þá er ástæða

til að benda á að skipulag almannavarna undir forystu lögreglustjóra er í hættu. Hætt er við að verðmæt þekking á staðháttum, jafnvel tilfinning fyrir aðstæðum, glatist. Líklega er skýrasta dæmið um það að finna í nauðsynlegu viðbragði sem vera þarf til staðar ef almannavarnarástand skapast.

III. Efnislegar athugasemdir við skýrslu Þorleifs Pálssonar

Sá stakkur sem skýrsluhöfundur er sniðinn takmarkar mögulegar útfærslur verulega. Þó skulu hér gerðar fáeinar athugasemdir við efni skýrslunnar.

Almennt eru lögð til grundvallar þrenns konar markmið; Fjárhagslegt markmið, þjónustumarkmið og stjórnsýslulegt markmið.

Allsendis er óvíst að þjónusta við borgarana verði tryggð með þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni. Reynsla embættisins af þjónustu við byggðarlög fjarlæg höfuðstöðvum er án efa sú að meginkostir liggja í nálægðinni. Sú óhjákvæmilega afleiðing að miðstýrð útibúavæðing verði eitt helsta einkenni skipulagsbreytingarinnar telst því ekki eftirsóknarverð.

Á hinn bóginn er áhersla á samræmingu þjónustumarkmiðs og stjórnsýslulegs markmiðs eftirsóknarverð. Þ.e. háþyrking á sérfræðisþekkingu við afgreiðslu mála samhliða tryggum aðgangi borgaranna að þjónustunni. Þeirri þekkingu eiga þau embætti sem hafa tiltekinn fjölda sérfræðinga við störf að búa yfir nú þegar enda sé aðgangur að miðlægt staðsettum sérfræðingum, t.a.m. á landsvísi, til staðar. Í núverandi kerfi hafa embætti Sýslumannsins í Reykjavík og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu haft slíka stöðu. Ekki er trúlegt að það muni breytast þrátt fyrir boðaðar skipulagsbreytingar.

Ástæða er til að undirstrika að framlag sérfræðinga hjá meðalstórum embættum þvert á málaflokka hefur um áratugaskeið verið burðarás í faglegri afgreiðslu sýslumannsembættanna. Því er gerður fyrirvari við almennar ályktanir sem snúa að því að stærri embætti séu almennt betur til þess fallin að veita betri þjónustu en minni embætti. Jafnframt að starfsmenn sem fást við fleiri mál geri þá almennt séð hæfari starfsmenn vegna þjálfunar og færni sem þeir öðlast. Fjölhæfir starfsmenn eru ekki síður mikilvægir en þeir er sinna einhæfum verkum. Með góðum rökum má halda því fram að í mörgum tilfellum, sérstaklega í landsbyggðarembættum, séu slíkir starfsmenn bæði nauðsynlegri og verðmætari en sérfræðingar á afmörkuðum sviðum. Á það ekki síst við þar sem málaflokkar sem fengnir eru sýslumannsembættum með lögum eru afar fjölbáttir og spanna breitt svið lögfræði og stjórnsýslu.

Er þá ótalið hið þýðingarmikla framlag lögfræðinga í tengslum við lögfræðileg álitæfni sem upp koma við rannsóknir sakamála og jafnframt að laga rannsóknina að þeim þörfum sem varða afstöðu til hugsanlegrar saksóknar. Nauðsyn lögfræðipækkingar við löggæslustörf hefur vaxið stöðugt. Með auknum fjarlægðum er einsýnt að þátttaka lögfræðinga í rannsóknum á landsbyggðinni mun veikjast. Er það áhyggjuefni enda verður ábyrgð á störfum lögreglunnar að vera í ríkum mæli á herðum lögfræðinga þar eð nauðsyn er raunverulegrar lögfræðipækkingar til ýmissa verka lögreglunnar.

Jafnframt er gerður fyrirvari við þá grundvallarafstöðu að hin svokallaða sóknaráætlun 20/20 sé sá hugmyndagrundvöllur sem heppilegastur er varðandi framkvæmd opinbers valds í héraði. Raunar er stórlega dregið í efa að þeirri aðferðarfræði verði beitt um stofnanir sem sinna jafn viðtæku þjónustu og öryggishlutverki og raun ber vitni. Þess utan er áætlunin svo viðtæk að unnt væri með vísan til hennar og færa sannfærandi rök fyrir því að nú sé lag að skera upp miðlægar stofnanir og fela stjórnsýslustofnunum á landsbyggðinni verkefni með markvissum hætti sem nú eru vistuð hjá ráðuneytum og stærri stofnunum. Það var amk. hægt að skilja á orðum forsætisráðherra, þegar mælt var fyrir tillögunni, enda sagði hann það:

„Þýðingarmikið að unnið sé að verkefninu á opinn og gegnsæjan hátt og að fólk og fyrirtæki, landshlutar og stofnanir geri það að sínu, eignist hlutdeild í því og líti á sóknaráætlun sem sitt tækifæri.“

Í sóknaráætlun 20/20 felst ekki síst vilji til þess að opna á milli hólfa sem við höfum tilhneigingu til að halda hugsunum okkar og gjörðum innan á milli áætlana, milli landshluta, milli stofnana, milli ríkis og sveitarfélaga, og freista þess að sameinast í nýrri sýn, nýjum takti og árangursríkum aðferðum sem skila okkur áleiðis til betra samfélags.“

Meint hagkvæmni sem talin er felast í sameiningu opinberra verkefna í svokölluðum þjónustukjarna kann að verða dýru verði keypt. Vissulega kann slík uppbygging að vera til þæginda fyrir þá er búa í næsta nágrenni. Hins vegar liggur ekkert fyrir um hvort aðrir íbúar landsins muni njóta sömu kjara og þjónustu. Þvert á móti er hætta á að uppbygging stærri stjórnsýslueininga leiði til miðstýringar sem á endanum dregur úr þjónustu í dreifðari byggðum. Þá er rétt að nefna að áform um hagræðingu með miðlægum þjónustukjörnum geta hæglega farið út um þúfur ef ekki er horft til rótgróinna menningarsvæða og hefðar fyrir samvinnu um þjónustu af ýmsu tagi. Þetta atriði á raunar einnig við um meginforsendur sóknaráætlunar 20/20. Stjórnunarheimildir forstöðumanna sameinaðra og landmikilla ríkisstofnana að teknu tilliti til fjárveitinga hafa því í raun meira að segja um útfærslu þjónustunnar gagnvart borgurum. Hér er forræði þjónustunnar lykilatriði. Það fyrirkomulag sem nú ríkir tryggir hins vegar í stórum dráttum að landsmenn eigi nauðsynlegan aðgang að þjónustu hins opinbera.

IV. Um nánari útfærslu

Verði tillögur skýrsluhöfundar að veruleika er óhjákvæmilegt að gera sérstaklega grein fyrir afstöðu embættisins.

Athyglisvert er að bera saman ályktanir sem dregnar eru í skýrslunni um nauðsyn þjónustuútibúa og staðsetningu höfuðstöðva. Víða er lagt til grundvallar mikilvægi þess að aðalskrifstofa sameinaðs sýslumannsembættis sé í byggðakjörnum sem staðsettir eru miðsvæðis. Svo virðist sem Norðurland eystra muni eftir sem áður verða víðlendasta umdæmi landsins. Sannarlega er staðsetning Húsavíkur innan umdæmisins miðsvæðis. Öflugt þjónustuútibú í Eyjafirði ætti því fullt eins að koma til greina sem valkostur.

Hér verður að hafa í huga að íbúar sem nú þegar búa fjærst skrifstofu sýslumannsins á Húsavík þurfa ferðast mjög langa leið til fundar við starfsfólk embættisins. Til samanburðar má vísa til ályktunar um staðsetningu aðalskrifstofu á Suðurlandi þar sem Hvolsvöllur er allt eins talinn koma til greina og Selfoss sem staðsett er í jaðri umdæmis, eins og Akureyri. Verður ekki betur séð en að sama gildi um Norðurland eystra. Sama mætti segja um ályktanir sem dregnar eru í skýrslunni um staðsetningar á Vesturlandi þar sem stærsti byggðakjarninn, Akranes, er staðsettur í jaðri umdæmisins en staðsetning Borgarness skilgreind miðsvæðis.

Gera verður ráð fyrir að ákvörðun um þetta taki og mið af fyrirkomulagi og staðsetningu löggæslueininga á svæðinu, þ.á.m. staðsetningar aðalskrifstofu.

Nauðsynlegt er að haft verði í huga að umdæmi sýslumannsins á Húsavík er auk þess að vera víðlendasta umdæmið með harðbýlustu svæðum landsins með tilliti til veðurfars og færðar.

Og úr því húsnæðismál eru sérstaklega til umræðu í skýrslunni er rétt að benda á að húsnæðismál sýslumannsembættisins á Húsavík eru með besta móti. Það er tiltölulega nýleg bygging í góðu ástandi auk rýmis sem ekki er nýtt til verkefna embættisins heldur leigt Vinnueftirliti Norðurlands eystra.

V. Lokaorð

Eftir vandlega íhugun er það skoðun undirritaðs að í ljósi aðstæðna í samfélagi og ríkisrekstri sé besta leiðin til umbóta á framkvæmdavaldi ríkisins í héraði að viðhalda þeirri stefnu sem enn er við lýði og fólgin er í viðfangsefnum sýslumanna, þ.á.m. skipan löggæslu á landsbyggðinni. Sérstaklega eigi hún við um svo stórt og dreifbýlt umdæmi sem embætti sýslumannsins á Húsavík er, sbr. áðurgreind sérsjónarmið.

Efling núverandi kerfis með frekari samræmingu og eftir atvikum sameiningu allra minnstu embættanna við nágrannaembætti væri ein og sér til þess fallin að ná öllum brýnustu markmiðum breytinganna. Þar er vísað til markmiða um fækkun yfirmanna, breytinga á vakta- og vinnuskipulagi og betri nýtingu gæða er spanna allt frá sérfræðiþekkingu til húsnaðis, en auk þess væri á sama hátt og í fyrirbyggjandi tillögum samhliða hægt að grípa til sértækra aðgerða, t.a.m. um starfslök lögreglumanna og eftir atvikum forstöðumanna. *Þannig mætti ná umtalsverðum sparnaði án þess að umbylta rótgrónu skipulagi sem setur um leið aðra þætti starfseminnar í uppnám.* Þann sparnað væri án efa hægt að skilgreina nánar og með meiri vissu en fyrirbyggjandi hugmyndir gera ráð fyrir.

Draga má í efa að fullnægjandi rök fyrir svo viðamikilli breytingu séu komin fram. Sú óvissa sem umlykur ráðgerð um aðskilnað, sameiningar embætta og stækkun í skrefum sem enn hafa ekki verið skilgreind með fullnægjandi hætti er beinlínis óvarleg við ríkjandi samfélagsaðstæður. Að mati embættisins er því rétt að ganga skemur í breytingaátt ellegar fresta áformum uns málið telst nægilega upplýst.

Að öllu framangreindu athugðu má ljóst vera að undirritaður telur að með hugmyndum um breytingar sé of langt gengið. Réttara væri að þróa áfram og betrubæta það fyrirkomulag sem fest var í sessi með réttarfarsbreytingunni 1992, jafnt í faglegu sem rekstrarlegu tilliti.

Húsavík, 7. desember 2010